

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.

1. gr.

1. gr. breytist þannig:

Á eftir "í reglugerð þessari" og á undan "segja til um" í lið 01.105 (1) kemur: eða reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

2. gr.

3. gr. breytist þannig:

í stað "EBE tilskipunar nr. 74/150 með síðari breytingum" í lið 03.01 (1) kemur: tilskipun 2003/37/EB.

3. gr.

9. gr. breytist þannig:

Í stað "71/127" í lið 09.10 (7) kemur: 2003/97.

4. gr.

12. gr. breytist þannig:

Á eftir 1. málslíð í 12.12 (2) kemur nýr málslíður þannig orðaður: Ákvæði þetta gildir um hópþifreið I (M2) og II (M3) frá 1. janúar 2006 í alþjóðlegri umferð og frá 1. janúar 2007 innanlands.

Á eftir 1. málslíð í lið 12.14 (2) kemur nýr málslíður þannig orðaður: Ákvæði þetta gildir um vörubifreið I (N2) og II (N3) í alþjóðlegri umferð frá 1. janúar 2006 og innanlands frá 1. janúar 2007.

5. gr.

Liður 19.30 (3) í 19. gr. fellur brott.

6. gr.

22. gr. breytist þannig:

Á eftir 22.00 (2) kemur nýr málslíður þannig orðaður: Gerð og búnaður skal fullnægja kröfum sem settar eru fram í tilskipunum 74/60/EB, 74/483/EB og 2003/102/EB með síðari breytingum.

Á eftir 22.10 (3) kemur nýr liður, (4), þannig orðaður: Óheimilt er að setja framan á bifreið grindur, ljósabúnað eða annan búnað sem valdið getur auknum skaða við árekstur. Ákvæði þetta gildir um bifreið sem skráð er frá og með 1. janúar 2006.

7. gr.

Viðauki III. breytist þannig:

I. Undir fyrirsögninni "bifreiðir og eftirvagnar":

a. Í reitinn "síðari viðbætur" við tilskipun 70/156/EBE kemur: 2003/97/EB, 2003/102/EB, 2004/3/EB og 2004/104/EB.

b. Í reitinn "síðari viðbætur" við tilskipun 72/245/EBE kemur: 2004/104/EB.

c. Tilskipun 75/323/EBE fellur brott.

d. Í reitinn "síðari viðbætur" við tilskipun 80/1268/EBE kemur: 2004/3/EB.

e. Á eftir tilskipun 97/27/EB í reitina "tilskipun", "efnisinnihald" og "reglugerðarákvæði" kemur:

2003/102/EB	Vörn við árekstur	22.00 (00)
2004/104/EB	Rafsegultruflanir	19.10. (5)

f. Tilskipun 2001/56/EBE fellur brott.

g. Tilskipun 2003/53/EB fellur brott.

II. Undir fyrirsögninni "bifhjól":

Í reitinn "síðari viðbætur" við tilskipun 2002/24/EB kemur: 2003/77/EB.

III. Undir fyrirsögninni "dráttarvélar":

a. Tilskipun 74/150/EBE ásamt síðari viðbótum fellur brott.

b. Á eftir tilskipun 2000/25/EB með síðari viðbótum (í reitina "tilskipun", "efnisinnihald" og "reglugerðarákvæði") kemur:

2003/37/EB	heildargerðarviðurkenning	03.01 (1)
------------	---------------------------	-----------

IV. Á eftir tilskipun 2000/25/EB (í reitina "tilskipun", "síðar verðbætur", "efnisinnihald" og "reglugerðarákvæði") kemur:

2000/53/EBE	2003/138/EB	endurvinnsla	03.010 (1)
-------------	-------------	--------------	------------

Fyrirsögnin verður: *Úr sér gengin ökutæki.*

8. gr.

Viðauki IV. breytist þannig:

I. Orðið "og" á undan "XIII. viðauka" í 1. mgr. fellur brott. Á eftir "XIII. viðauka" í 1. mgr. kemur: og XX. viðauka.

II. Undir fyrirsögninni "bifreiðir og eftirvagnar":

a. Texti í tölulið 1 í reitnum "EES-birting" varðandi tilskipun 2004/78/EB breytist og verður þannig orðaður: *** 3/2005; 32, 23.6.2005.

b. Í tölulið 1 við tilskipun 70/156/EBE á eftir tilskipun 2004/78 (í reitina "síðari viðbætur", "stjórnartíðindi EB" og "EES-birting"), kemur:

2003/97/EB	L 25, 29.01.2004	***122/2004; 12, 10.03.2005
2003/102/EB	L321, 06.12.2003	***162/2004; 26.05.2005
2004/3/EB	L 49, 19.02.2004	***142/2004; 20, 21.04.2005
2004/104/EB	L 337, 13.11.2004	***76/2005

c. Töluliður 9, speglar tilskipun 2003/97/EB, fellur brott.

d. Í tölulið 11 við tilskipun 72/245/EBE á eftir tilskipun 95/54/EB (í reitina "síðari viðbætur", "stjórnartíðindi EB" og "EES-birting") kemur:

2004/104/EB	L 337, 13.11.2004	***76/2005
-------------	-------------------	------------

e. Textinn "raftengi fyrir ljósabúnað eftirvagns 75/323/EBE" og "L 147 09.06.75" á eftir 17. tölulið fellur brott.

f. Töluliður 37, miðstöð upphitun, tilskipun 2001/56/EBE fellur brott.

g. Í tölulið 42 við tilskipun 80/1268/EBE á eftir tilskipun 1999/100/EB (í reitina "síðari viðbætur", "stjórnartíðindi EB" og "EES-birting") kemur:

2004/3/EB	L 49 19.02.2004	***142/2004; 20, 21.04.2005
-----------	-----------------	-----------------------------

h. Í stað tölulið "5d" á eftir tölulið 45c, kemur: 45d.

i. Á eftir tölulið 45w varðandi tilskipanir 2003/97/EB og 2003/102/EB (í reitina "töluliður", "tilskipun", "stjórnartíðindi EB" og "EES-birting") koma þrír nýir töluliðir, 45zc, 45zd og 45zf, þannig orðaðir:

45zc	Speglar 2003/97/EB		L 25 29.01.2004	***122/2004; 12, 10.03.2005
45zd	Vörn við árekstur 2003/102/EB		L 321 06.12.2003	***162/2004; 26, 26.05.2005

45zf	Rafsegultruflanir 2004/104/EB		L 337 13.11.2004	***76/2005;
------	----------------------------------	--	------------------	-------------

III. Undir fyrirsögninni ***Bífhjól!***

a. Í tölulið 45i við tilskipun 93/29/EBE (í reitina "síðari viðbætur", "stjórnartíðindi EB" og "EES-birting"), kemur:

2000/74/EB	L 300, 29.11.2000	***62/2001; 44, 6.9.2001
------------	-------------------	--------------------------

b. Í tölulið 45za við tilskipun 2002/24/EB við tilskipun 2002/24/EB (í reitina "síðari viðbætur", "stjórnartíðindi EB" og "EES-birting"), kemur:

2003/77/EB	L 211 21.08.2003	***18/2004; 22, 29.04.2004
------------	------------------	----------------------------

IV. Undir fyrirsögninni ***Þráttarvél!***

Töluliður 1, heildargerðarviðurkenning, 74/150/EBE, fellur brott.

Á eftir tölulið 23, varðandi tilskipun 2003/37/EB (í reitina "töluliður", "tilskipun", "síðari viðbætur", "stjórnartíðindi EB" og "EES-birting") kemur nýr töluliður þannig orðaður:

28	Heildargerðar-viðurkenning 2003/37/EB		L 171 09.07.2003	***1/2004; 20, 22.04.2004
		2004/66/EB	L 168 01.05.2004	***10/2005

V. Undir fyrirsögninni ***Úr sér gengin ökutæki!***

Á eftir tölulið 23 kemur ný tafla undir fyrirsögninni:

Úr sér gengin ökutæki:

Vísad er til töluliða í V. kafla XX. viðauka.

a. Í töfluna, varðandi tilskipun 2000/53/EB (í reitina "töluliður", "tilskipun", "síðari viðbætur", "stjórnartíðindi EB" og "EES-birting") kemur nýr töluliður, 32e, þannig orðaður:

32e	Endurvinnsla 2000/53/EB		L 269 21.10.2000	***162/2001; 13, 07.03.2002
				***125/2003; 32, 23.06.2005

b. Í töfluna varðandi ákvörðun 2003/138/EB (í reitina "töluliður", "ákvörðun", "síðari viðbætur", "stjórnartíðindi EB" og "EES-birting") kemur nýr töluliður, 32ec, þannig orðaður:

32ec	Kóðunarstaðlar 2003/138/EB		L 53, 28.02.2003	125/2003; 64, 18.12.2004,
------	-------------------------------	--	------------------	---------------------------

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 60. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 28. október 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.